

# Gjaldskrá

9  
13. jan.

## fyrir hreinsun salerna í Reykjavík.

Hreinsun salerna, annara en vatnssalerna, fer fram vikulega á kostnað bæjarsjóðs, og skal fyrir hreinsunina árlegs greiða í bæjarsjóð:

Fyrir hvert venjulegt salerni, sem notað er af 4—10 mönnum, kr. 3.30.

Fyrir hvert stærra salerni, sem 11—15 manns nota, kr. 5.00.

Fyrir hvert minna salerni, sem 3 eða færri nota, kr. 2.30.

Tvö börn yngri en 10 ára teljast sem einn maður fullorðinn.

Gjald þetta nær til allra salerna á kaupstaðarlóð Reykjavíkur og greiðist af húseigendum.

Þó skulu þeir vera undanþegnir gjaldi þessu, sem eiga íbúðarhús í túni sínu, og sjálfir nota ábúðinn á tún sín.

Salernakollur skulu allar vera eins og fyrirmynd sú, sem bæjarstjórnin hefir látið gera.

Skrá yfir gjöldin skal árlega semja á sama hátt og lóðargjaldaskrá, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir lóðargjöldin.

Framanrituð gjaldskrá staðfestist hjermeð, samkvæmt lögum nr. 42, 11. júlí 1911, 5. gr., til að öðlast þegar gildi, og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá fyrir hreinsun salerna í Reykjavík frá 25. nóv. 1913.

Í stjórnarráði Íslands, 13. janúar 1915.

**Sig. Eggerz.**

*Jón Hermannsson,*